

Ed. 163. Frumvarp til laga [122. mál]

um aðstoð ríkisins við kaup og rekstur á snjóbilum, þar sem þeirra er þörf vegna heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Í héruðum, þar sem læknilaust er eða heilbrigðisþjónusta er látin öðrum héruðum í té og samgöngur teppast um lengri eða skemmri tíma vegna snjóa, veitir ríkið aðstoð við kaup og rekstur snjóbílanna, eins og segir í lögum þessum. Ríkið veitir sömu aðstoð, ef þörf þykir vera fyrir snjóbil vegna heilbrigðisþjónustu innan héraðs, þar sem læknir situr.

2. gr.

Framlag ríkisins skal nema allt að 40 af hundraði til kaupa og 50 af hundraði til rekstrar hvers snjóbíls. Framlag til rekstrar skal þó aldrei vera meira en rekstrarhalli, enda er gert ráð fyrir því, að eðlilegt gjald sé tekið af farþegum og fyrir annan flutning.

Fé til þessa skal veitt á fjárlögum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal athuga, hvort snjóbílum verði við komið. Jafnframt er heimilt að greiða úr vegasjóði kostnað við lagfæringar á akstursleiðum í því skyni að gera fært fyrir snjóbíla á veturnum og einnig kostnað við að merkja akstursleiðir, þar sem þörf krefur.

4. gr.

Beiðnir um fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum skulu sendar samgönguráðuneytinu, sem metur þá þörf, sem talin er vera fyrir hendi á hverjum stað. Sé um kaup á snjóbíl að ræða, skal ráðuneytið leita umsagnar landlæknis. Mat ráðuneytisins skal fylgja umsókn um fjárveitingu.

5. gr.

Framlag til rekstrar snjóbíla greiðist hvert ár eftir á, þá er samgönguráðuneytið hefur fengið rekstrarskýrslur, sem því skulu sendar árlega.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í sumum af hinum mörgu læknislausu héruðum landsins hafa snjóbílar rutt sér til rúms á veturnum, þar sem samgöngur eru erfiðar vegna snjóá iðulega um langan tíma. Hafa þessi tæki reynzt mikil samgöngubót, þar sem aðstaða er sæmileg fyrir notkun þeirra. Sérstaklega hafa snjóbílarirnir reynzt mikilvægir þar, sem læknislaust er, bæði til flutnings á læknum og sjúklingum.

Ekki verður um það deilt, að ríkinu ber skylda til þess að gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að bæta heilbrigðisþjónustu, þar sem læknislaust er, enda hefur verið leitað margra ráða til þess. Meðal annars hafa kaup og rekstur snjóbíla verið styrkt. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, en flutningsmenn þessa frumvarps telja engu að síður æskilegra að binda þessa mikilvægu aðstoð í lögum.

Gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins, að veittur sé styrkur til kaupa og rekstrar á snjóbílum til þeirra læknishéraða, þar sem læknislaust er, og enn fremur til þeirra héraða, þar sem læknir situr, ef hentugra þætti að reka snjóbíl í þeim héruðum til þjónustu við læknislaus héruð. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að veitt sé sama aðstoð til kaupa og rekstrar á snjóbíl innan héraðs, ef nauðsynlegt þykir til þess að nýta þá læknaþjónustu, sem þar er fyrir hendi.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um, hve há framlög ríkisins samkvæmt lögum skuli vera.

Þess verður einnig að gæta, að víða hagar þannig til, að snjóbílum verður illa við komið án lagfæringar á akstursleiðum. Oft getur verið um smávægilega hindrun að ræða. Því er í 3. gr. frumvarpsins sú skylda lögð á herðar vegagerð ríkisins að kanna aðstæður og lagfæra þar, sem því verður við komið.

Í 4. gr. laganna er gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytið meti, hvort þörf fyrir snjóbíl sé svo brýn, að rétt sé, að ríkið hlaupi undir bagga. Þar sem aðstoð ríkisins er bundin því, að snjóbílarirnir séu notaðir í því skyni að bæta læknaþjónustu og gera hana öruggari, þá þykir eðlilegt, að ráðuneytið leiti umsagnar landlæknis.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytinu sé falið að fylgjast með rekstri snjóbilanna, því að aðstoð til rekstrar fer að nokkru eftir því, hvernig reksturinn gengur, sbr. 2. gr. Þá er gert ráð fyrir því, að rekstrarstyrkur sé greiddur árlega eftir á, þegar fyrir liggja skýslur um, hvernig hefur gengið árið á undan.